

Mál nr. 401/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Sönnun tjóns.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28. nóvember 2022 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 26. janúar 2023.
3. Tölvupóstur V, dags. 30. nóvember 2022 og 27. janúar 2023.
4. Ódagsettar athugasemdir M.
5. Tölvupóstur V, dags. 27. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið við akstur á bifreið sinni hinn 12. nóvember 2022 þegar grófmöl hafi rignt yfir bifreið hans. M framvísar myndum af skemmdum á bifreið sinni, sem vátryggð er hjá V2 og mynd af vörubifreiðinni X sem vátryggð er hjá V, ásamt vagni og myndskeiði þegar ekið er framúr bifreið X með umræddum vagni. Ökumaður X kveðst hafa verið við akstur á sama stað og M en lýsir atvikum þannig að vagn aftan í bifreið X hafi verið tómur þar em hann hafi verið á leið í námu að sækja efni. Einnig telur ökumaður X að veður hafi verið stillt ásamt úrkomu og það dragi úr líkum á því að laus jarðefnið fjúki, auk þess sem varasamt hafi verið að fara framúr ef aðstæður hefðu verið þessar.

M telur að sýnt sé að grjót hafi komið frá vörubifreiðinni X hvort sem það hafi komið af palli hennar eða þannig að grjót eða steinar geti hafa setið fastir milli hjóla. Einnig mótmælir M skýringum ökumanns X á málinu og bendir á að hann hafi tekið framúr X til að koma í veg fyrir frekara tjón.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ekki sannað að tjón á bifreið M sé hægt að rekja til notkunar bifreiðar X. Í myndbandi hafi ekkert komið fram um grjótkast frá X og vitnar V í frásögn ökumanns X um að vagn hafi verið tómur og veðuraðstæður góðar. Einnig telur V að hluti tjóns á bifreið M virðist af myndum vera vegna annars en grjótkasts og sé tjón víða á bifreið M, t.d. bílstjóramegin sem varla verði rakið til atvika sem M lýsir. Ekki séu heldur frekari sönnunargögn sem styðji mál M.

Vátryggingafélag M gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málskotsins.

.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að bæði M og ökumaður bifreiðarinnar X staðfesta að þeir hafi ekið á sama tíma á sama stað hinn 12. nóvember 2022. Ágreiningur er hins vegar um hvort grjót hafi farið af bifreið X á bifreið M við akstur þar og/eða við framúrakstur M. Í gögnum málsins liggur fyrir myndbandsupptaka af framúrakstri sem ekki sýnir grjótkast og ökumaður X segir að tengivagn hafi verið tómur á þeirri leið sem ekið var í greint sinn. Myndir af bifreið M sýna skemmdir á en ekkert mat liggur fyrir á því að þær skemmdir séu líklegastar til að koma til vegna grjótkasts. Ekki var um að ræða akstur á malarvegi og engin vitni eru að atburðinum sem geta stutt frásögn M.

Sönnunarbyrði um hvort tjón á bifreið M telst ótvírætt rakið til notkunar X hvílir á M. Hallann af sönnunarskorti um að ótvírætt sé hægt að rekja skemmdir á bifreið hans til aksturs X verður því M að bera. Af framlögðum gögnum hefur sönnun ekki fyllilega tekist og á M þannig ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu X hjá V. .

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 22. febrúar 2023.

Dóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir